



Eyja- og Miklaholtshreppur, Eggert Kjartansson, oddviti
Helgafellssveit, Guðrún K. Reynisdóttir, oddviti
Snæfellsbær, Björn H. Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Stykkishólmsbær, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar og Jakob Björgvin
Jakobsson, bæjarstjóri

Grundarfirði, 24. september 2021

Komiði sæl öll

Á fundi [251. fundi bæjarstjórnar þann 22. september 2021](#) var rætt um sameiningarmál sveitarfélaga og eftirfarandi bókað:

Umræða um sameiningarmál:

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkt boð Snæfellsbæjar um viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Íbúafjöldi sveitarfélaganna tveggja er um 1.800 manns. Þá hefur Dalabyggð m.a. boðið Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit til viðræðna um sameiningarmöguleika, eftir valkostagreiningu um sameiningarkosti sem fram fór sl. vetur. Íbúafjöldi sveitarfélaganna þriggja er um 1.900 manns.

Á Snæfellsnesi eru fimm sveitarfélög með rétt um 4.000 íbúa. Svæðið er afmarkað, atvinnulíf og samfélög eiga margt sameiginlegt. Sveitarfélögin hafa um langt skeið átt með sér farsæla samvinnu um mikilvæga opinbera þjónustu og um önnur verkefni sem styrkt hafa samfélögin og svæðið sem heild.

Ef Snæfellsnes yrði eitt sveitarfélag myndi það án efa hafa mikla þungavigt hvað varðar hagsmuni og þjónustu. Auðveldara væri fyrir svæðið að grípa og nýta tækifærin sem felast í svæðinu og auðlindum þess.

Með þetta í huga, býður bæjarstjórn fulltrúum hinna sveitarfélaganna fjögurra á Snæfellsnesi til óformlegs samtals/viðræðna um stöðu og valkosti í sameiningarmálum, horft til framtíðar. Samtalið er á engan hátt skuldbindandi fyrir sveitarfélögin eða fulltrúa þeirra og getur farið fram hvar sem er á Snæfellsnesi.

Bæjarstjóra er falið að senda sveitarstjórnnum Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar boð um samtal sem fram fari nú í haust.

Samþykkt samhljóða.

Í samræmi við þessa bókun sendi ég ykkur boð og ósk bæjarstjórnar um óformlegt samtal þar sem rætt væri um stöðu og valkosti í sameiningarmálum ef horft er til framtíðar. Eins og fram kemur í bókun bæjarstjórnar er samtalið á engan hátt skuldbindandi fyrir neinn þátttakenda. Við erum að sjálfsgöðu tilbúin að taka á móti ykkur hér í Grundarfirði en okkar vegna má þetta líka fara fram hvar sem er á Snæfellsnesi.

Það er ósk bæjarstjórnar að þetta geti gerst í haust og væri gott að fá svar frá ykkur við þessu boði og þá jafnframt um hvenær væri heppilegasti tíminn fyrir ykkur.

Með kærri kveðju,

f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar,

Björg Ágústsdóttir

Björg Ágústsdóttir



Bæjarstjórnin
Grundarfirði